

Spyrjið þér hvaða huggun við mannlegu böli hin nýja trú hafi að bjóða? Eg svara, þá huggun, sem oft veitist þeim, er líður, með því að vera öðrum hjálplegri en hann var áður en hann varð fyrir þeim missi eða þeirri þjáning, sem hann þarf huggunar við; sú huggun að vera sjálfur vitrari og viðkvæmari en áður, og þarafleiðandi færari um að vera mannkyninu hjálplegur á sem beztan hátt; sú endurminningarhuggun, sem verndar hugljúfar minningar um persónuleika og líf, sem eru ekki lengur til hér, sem minnir á fögnuð og afrek persónanna á meðan þær lifðu, og geymir og margfaldar hin góðu áhrif, sem þær höfðu út frá sér. Þessi trú hefir, enfremur, enga tilhneigingu til að draga úr áhrifum hinna beztu mannlegra hugmynda um eðli hins takmarkalausanda í alheiminum, hvorki í þessum heimi eða nokkrum öðrum. Hún knýr lærisveina sína til að, trúa að eins og sá maður er beztur, sem mest elskar og þjónar öðrum, þannig muni og sál almennings finna mesta sælu og fullkomnun í því að elska alt og hjálpa öllu. Hún finnur í siðferðis sögu mannkynsins sannanir fyrir því að kærleiksrikur guð stjórnir heiminum. Traust á þessa æðstu stjórn er sönn huggun og hjálp í mörgum mannlegum þrautum og þjáningum. Samt sem áður þó kjarkur og þolgæði séu alltaf addáanleg, þegar menn verða, að þola ílt, og yfirleitt sælli en ódjarfleg og óþolgóð breytni í þrautum og rangindum, verðum vér samt að viðurkenna, að þolinmæði og stöðuglyndi er ekki huggun, og að það er til margur líkamlegur og andlegur hæfileikaskortur og mörg mein, sem engin bót verður ráðin á í bókstaflegum skilningi. Mannleg þekking getur dregið úr og mildað sum þeirra, mannleg samhygð og góðsemi getur gert þau þolanlegri, en hvorki trú né heim-speki hefir nokkra algerða bót á þeim að bjóða, né hefir nokkur tíma haft.

Með því þannig að lýsa huggun þeirri, sem þessi trú hefir að bjóða við sorg og böli mannanna hefir aðal-hvötum hennar verið lýst. Þær eru einmitt hinar sömu og þær sem Jesús sagði að hefðu öll boðorðin að geyma, kærleikur til guðs og bróðurlegur kærleikur til mannana. Hún mun kenna almennan góðvilja, sem knýr menn til að gera skyldu sína, og um leið eykur ham-